



## ÍSÁFJARÐARBÆR

Sjávarútvegsráðuneytið,  
hr. Hinrik Greipsson,  
Skúlagötu 4,  
150 Reykjavík.

Ísafirði, 10. mars 2008  
2007030097

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDÚNADARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10. F. 2
Dag.	12. MAR. 2008
Áb.	HG
Sl. R.	08030/54

**Efni: Úthlutun byggðakvóta 2006-2007 er kom í hlut Þingeyrar alls 87 þorskigildistonn.**

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 3. mars s.l., var lagt fram minnisblað bæjarritara dagsett 28. febrúar s.l., er varðar skiptingu úthlutaðs byggðakvóta til Þingeyrar fiskveiðiárið 2006/2007. Drög að tillögu um skiptingu byggðakvótans voru send sjávarútvegsráðuneyti síðla í nóvember 2007 og hefur ráðuneytið nú svarað því erindi og leggur fram tillögur, sem eru í megin dráttum samhljóða tillögu Ísafjarðarbæjar. Tillögurnar hljóða svo.

1. Byggðakvóta Þingeyrar alls 87.000 þorskigildiskilóum verður skipt þannig: 25% jafnt á skip sem uppfylla skilyrðin og 75% samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 439/2007. Hámark 15 þorskigildislestir og 100% aukning heildaafلامarks er fellt niður.

2. Í stað 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur, í þorskigildum talið, tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að ofangreindar tillögur um skiptingu byggðakvóta vegna Þingeyrar verði samþykktar. Á 240. fundi sínum þann 6. mars s.l. samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tillögu bæjarráðs. Afgreiðsla bæjarstjórnar tilkynnist hér með.

Viðfangarfullt

Þorleifur Pálsson  
- bæjarritari -